

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

782. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 4. mars 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildari.
2. Lagning hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 29. janúar 2013.
4. Bréf Bogeyjar Ernu Benediktsdóttur.
5. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
6. Liðsstyrkur- Sameiginlegt átaksverkefni sveitarfélaga, ríkis, atvinnurekenda og stéttarfélaga.
7. Ákvörðun um sölu fasteignarinnar að Hvammstangabraut 16 e.h..
8. Staðfesting Skipulagsstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem í gangi eru s.s. viðhald í grunnskólahúsum á Borðeyri og Laugarbakka, viðhald íþróttamiðstöðvar, Ráðhúss, íbúða aldraðra, uppsetning skápa í skjalasafni, vinna við aðalskipulag, útrás, hitaveitu o.fl.
2. Lagning hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri. Forstöðumaður tæknideildar lagði fram útreikninga vegna styrkja frá Orkustofnun. Forstöðumanni falið að leggja fram tillögu að breytingum á reglum um ráðstöfun niðurgreiðslna vegna nýrra hitaveitna í dreifbýli í Húnaþingi vestra fyrir næsta fund byggðarráðs.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 29. janúar 2013. Oddviti kynnti.
4. Lagt fram bréf Bogeyjar Ernu Benediktsdóttur dags. 16.02.2013, þar sem hún óskar eftir að gerð verði úttekt á rafkerfi húsnaðis grunnskólans. Forstöðumaður tæknideildar skýrði frá því að óskað hafi verið eftir því við Frumherja sem er löggiltur úttektaraðili að gera úttekt á rafkerfi Laugarbakkaskóla. Forstöðumanni falið að afla upplýsinga hjá Brynjólfi Snorrasynti um það hvað úttekt hans á skólahúsnaði sveitarfélagsins myndi kosta.
5. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 25.02.2013, þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Vignis Skúlasonar f.h. Selaseturs Íslands um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sótt er um leyfi til að reka veitingastað í flokki II við Strandgötu 1 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
6. Liðsstyrkur- sameiginlegt átaksverkefni sveitarfélaga, ríkis, atvinnurekenda og stéttarfélaga, lagt fram til kynningar.
7. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa íbúðina að Hvammstangabraut 16 e.h. til sölu.
8. Lögð fram til kynningar staðfesting Skipulagsstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, verslunar- og þjónustusvæði Melstað. Samþykkt að taka á dagskrá.

9. Lögð fram afskriftarbeiðni þing- og sveitarsjóðsgjalda frá Sýslumanninum á Blönduósi. Höfuðstóll ásamt áföllnum vöxtum samtals kr. 624.899. Byggðarráð samþykkir beiðnina.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:24

Leó Örn Þorleifsson .

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.